

Sýnataka úr lifur

Algengast er að sýni sé tekið úr lifur til að greina orsök lifrarsjúkdóms eða til að meta umfang lifrarskemmdar (örmyndunar). Tekið er sýni úr lifrinni með lítilli nál og er það gert í staðdeygingu. Sýnið er sent til rannsóknar.

Undirbúningur

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita af ofnæmi fyrir lyfjum.

Ef notuð eru blóðþynnandi lyf eða önnur lyf sem hafa áhrif á blóðstorkuna þarf að láta lækni vita, því slík lyf geta aukið hættu á blæðingu í sýnatökunni. Hann tekur ákvörðun um hvort stöðva þarf tíma-bundið notkun slíkra lyfja. Hætta þarf notkun þeirra allt að sjö dögum fyrir sýnatöku.

Blóðþynnandi lyf eru t.d. Kóvar, Pradaxa, Eliquis, Persantin, Clopidogrel, Plavix, Ticlid, Efiend, Brilique eða Hjartamagnýl/Aspirín.


Hætta þarf notkun bólgueyðandi lyfja eins og Íbúfen, Voltaren, Arthrotec, Vóstar, Hjartamagnýl/Aspirín og Naproxen sjö dögum fyrir sýnatökuna.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna og lýsis viku fyrir sýnatöku þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu.

Blóðsýnataka

Fyrir töku lifrarsýnisins er nauðsynlegt að taka blóðsýni til að meta hvort blóðstorkan er eðlileg. Læknir veitir upplýsingar um hvar og hvenær blóðsýni er tekið en það er yfirleitt gert nokkrum dögum fyrir töku lifrarsýnis.



Kvöldið fyrir sýnatöku

Fasta

Ekki má borða í sex klukkustundir fyrir töku lifrarsýnis en óhætt er að drekka vatn og aðra tæra drykki (1- 2 glös í senn) þangað til tveimur klukkustundum fyrir sýnatöku. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi, tærir orkuríkir drykkir og mjólkurlaust kaffi og te. Á meðan á föstu stendur má taka inn nauðsynleg lyf með litlum vatnssopa.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir sýnatöku. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir sýnatöku til öryggis.

Annar undirbúningur

Gott er að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu. Í öryggisskyni er nauðsynlegt er að vera nálægt spítalanum í sólarhring eftir sýnatöku. Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins þurfa því að gera viðeigandi ráðstafanir.

Sýnatakan

Mæting er á deild _____ þann _____ kl. _____

Mikilvægt er að mæta tímanlega á sjúkrahúsið.

Skrifa þarf undir samþykki fyrir töku lifrarsýnis. Stundum er settur grannur æðaleggur í handarbak eða handlegg svo hægt sé að gefa lyf eða vökva ef þörf krefur.

Sýnið er tekið á röntgendeild. Liggja þarf á bakinu á meðan það er gert og mikilvægt er að liggja kyrr. Þegar búið er að ákveða nákvæmlega hvar sýni er tekið er svæðið sótthreinsað og stungustaðurinn staðdeyfður. Notuð er sérstök nál til að taka lítið sýni úr lifrinni og oftast er notuð ómskoðun til að stýra því hvar nálinni er stungið. Nálarstungan sjálf tekur yfirleitt örstutta stund. Að því loknu eru settar umbúðir yfir stungustaðinn og sýni sent í rannsókn.

Eftir sýnatöku

Búast má við að finna fyrir óþægindum yfir stungustað. Sumir finna fyrir verk sem getur leitt í hægri öxl. Fylgst er með blóðþrýstingi og líðan og verkjalyf gefin eftir þörfum. Til að stungugatið nái að lokast og gróa, er nauðsynlegt að liggja í rúminu í nokkrar klukkustundir.

Fylgikvillar

Líkt og við önnur sambærileg læknisfræðileg inngríp geta komið fylgikvillar í kjölfar sýnatöku úr lifur en það er þó sjaldgæft. Helstu fylgikvillar eru blæðing, áverki á nálæg líffæri, sýking og gallleki.

Útskrift

Útskrift er eftir um fjórar klukkustundir ef allt gengur vel og engir fylgikvillar koma fram. Í sumum tilvikum er þó þörf á eftirliti á legudeild í allt að sólarhring.

Verkir

Við verkjum er ráðlagt að taka lyfið parasetamól (Panodil eða Paratabs) en ekki má nota aspirín (Magnýl) eða bólgueyðandi gigtarlyf (t.d. Íbúfen og Naproxen) í þrjá daga eftir sýnatökuna vegna aukinnar blæðingarhættu.

Stungustaður

Daginn eftir sýnatöku má fjarlægja plástur yfir stungustað og fara í sturtu.

Hreyfing

Ráðlagt er að hafa hægt um sig daginn sem sýnið er tekið og forðast líkamsrækt og aðra áreynslu í 2-3 daga á eftir.

Vinna

Í flestum tilvikum má snúa aftur til vinnu daginn eftir ástunguna.

Eftirlit

Niðurstöður úr skoðun á vefjasýni koma eftir nokkra daga. Læknir hefur samband símleiðis eða boðar í viðtalstíma til að ræða niðurstöður.

Kostnaður

Greitt er fyrir rannsóknina ef sjúklingur er á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Fara þarf strax á bráðamóttöku Landspítala ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Slæmir verkir
- Blæðing frá stungustað
- Hiti hærri en 38°C eða vaxandi slappleiki

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
LYFLÆKNINGASVIÐ
OKTÓBER 2018
LSH-1084

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR MELTINGALÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRAR MELTINGAR- OG
NÝRNADEILDAR 12E OG DAGDEILDAR
SKURÐLÆKNINGA 13D.

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD